



Dagsetning  
05.04.2013

### **Endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2000 – 2012.**

Tillaga að umsögn um verkefnislýsingu og matslýsingu.

Í verkefnislýsingunni er m.a. fjallað um stefnu í gildandi aðalskipulagi hvað varðar umhverfismál, íbúa og íbúðarhúsnæði, opin svæði og útivist, verndun, atvinnu- og athafnasvæði, samgöngur, veitur og sorp og fræðslu- og menningarmál, félags- og heilbrigðismál, ásamt áherslum við endurskoðun aðalskipulagsins. Matslýsingin fjallar um umfang, áhrifapætti, umhverfispætti, umhverfisviðmið, einkenni og vægi áhrifa.

Hafnarfjarðarbær bendir á að samræma þarf ýmis mál á grundvelli svæðisskipulags- höfuðborgarsvæðisins svo sem samgöngur og samgöngukerfi, þ.m.t. almenningssamgöngur og stígakerfi, vatnsvernd, önnur verndarsvæði og græn svæði, ásamt ýmsum veitukerfum og verslunar- og þjónustukjörnum.

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að haldið sé opnum möguleika fyrir tengingu Ofanbyggðavegar/Vatnsendavegar, þar sem hann er mikilvægur til að léttu á umferðarflæði um Reykjanesbraut gegnum Hafnarfjörð. Hafnarfjörður mun taka málið upp á vettvangi nýs svæðisskipulags fyrir Höfuðborgarsvæðið.

Enn fremur bendir Hafnarfjörður á mikilvægi greiðra og öruggra göngu- og hjólastíga sem tengi saman sveitarfélögin frá Hafnarfirði til Reykjavíkur.

Hafnarfjarðarbær gerir ekki aðrar athugasemdir við matslýsinguna, en áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

-----  
*Dr. Bjarki Jóhannesson*  
*Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,*  
*sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs*